

Friður og ofbeldi



Hvernig tengjast friður og mannréttindi? Er friður mannréttindi?

„Brauð á friðartímum er betra en kaka á ófriðartímum.“

Máltæki frá Slóvakíu

Hin skelfilegu mannréttindabrot sem áttu sér stað í seinni heimsstyrjöldinni og þrá manna og þörf fyrir frið varð til þess að Evrópuráðið var stofnað.

Mannréttindamenning er frumskilyrði þess að friði verði komið á í öllum ríkjum heims. Rétturinn til friðar heyrir undir þriðju kynslóð mannréttinda eða svokölluð sameiginleg réttindi.

Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna (Unesco) hefur haft forystu um að efla þessi réttindi. Árið 1994 gekkst þáverandi framkvæmdastjóri UNESCO, Federico Mayor, fyrir áskorun til allra landa heims um að rétturinn til friðar yrði staðfestur. Árið 1997 var tillaga að yfirlýsingu um að friður sé mannréttindi lögð fyrir allsherjarþing UNESCO. Tillögunni var hafnað en rétturinn til friðar er samt á stefnuskrá Sameinuðu þjóðanna. Snemma árs 2001 samþykkti Mannréttindaráðið yfirlýsingu um stuðning við rétt þjóða til friðar.



Finnt þér að það eigi að vera sérstakur réttur til friðar eða er hann hluti af mannréttindum sem fyrir eru?

Hvað er þá friður?

Friðarhugtakið hefur mismunandi inntak eftir menningarheimum. Í austrænni menningu er lögð áhersla á innri frið (frið í huga og hjarta) en í hinum vestræna heimi er litið svo á að friðurinn vísi til ytra umhverfis mannsins (að ekki ríki stríðsástand). Í Indlandi er orðið „shanti“ t.d. notað um frið, en það merkir fullkomna reglu hugans eða sálarró. Gandhi byggði heimspeki sína og baráttuaðferðir á hugtakinu „ahimsa“ sem tákna í víðri merkingu það að forðast allt skaðlegt. Hann sagði, „í bókstaflegri merkingu þýðir ahimsa ofbeldisleysi. En fyrir mér hefur það miklu æðri, óendanlega miklu æðri merkingu. Það merkir að þú mátt ekki særa neinn; þú mátt ekki ala með þér fjandsamlegar hugsanir, jafnvel ekki um þá sem þú telur óvini þína. Fyrir þeim sem fylgir þessari kenningu eru óvinir ekki til“. Hjá Maya-indíánum vísar friður til hugtaksins velferð og tengist hugmyndinni um fullkomið samræmi milli ólíkra sviða lífsins.

Tengd verkefni

- Má ég koma inn?, bls. 170.
- Eigum við annarra kosta vól?, bls. 106.
- Heimilisofbeldi, bls. 119.
- Líf í fullkomnum heimi, bls. 156.
- Ráðstöfun fjármuna, bls. 197.
- Spilaðu með!, bls. 222.
- Orkuver, bls. 194.
- Ofbeldi í lífi mínu, bls. 190.
- Þegar morgunn rís, bls. 256.

Margar skilgreiningar eru á friði. Ein þeirra, sem hefur haft mikil áhrif, felst í því að gerður er greinarmunur á jákvæðum og neikvæðum friði. Johan Galtung, nafntogaður norskur fræðimaður á þessu sviði, kom fyrstur fram með þessa skilgreiningu.

Neikvæður friður merkir að ekki er neitt stríð, engin ofsafengin átök milli ríkja eða innan ríkja í líkingu við stríðin í Balkanlöndunum.

Jákvæður friður merkir á hinn bóginn að ekki sé neitt stríð eða átök og einnig ríki jöfnuður, réttlæti og framfarir fá að eiga sér stað.

Við getum dregið þessar hugmyndir saman á eftirfarandi hátt:

ekkert stríð = neikvæður friður

ekkert stríð + félagslegt réttlæti/framfarir = jákvæður friður

Félagslegt réttlæti á hæsta stigi og ofbeldi í lágmarki er því það sem einkennir jákvæðan frið.

Sumir halda að öll vandamál leysist um leið og stríð hefur verið stöðvað en í rauninni er þá heilmikið starf óunnið, svo sem að byggja landið upp aftur og þróa kerfi sem skapar aukið félagslegt réttlæti og framfarir fyrir allt það fólk sem býr í viðkomandi löndum.

Við getum því sagt að friður snúist ekki eingöngu um afvopnun heldur einnig um það hvernig fólk lifir.



Hverjir eiga að sjá um að innleiddar séu reglur til að hindra hvers kyns ofbeldi þar sem þú átt heima?

Friðarráðstefna

Í maí 1999 komu 10.000 friðarsinnar saman í Haag í Hollandi í leit að nýjum leiðum til friðar á tuttugustu og fyrstu öldinni. Meðal þátttakenda á hinni sögufrægu friðarráðstefnu í Haag voru 1.500 ungmenni frá eitt hundrað löndum. Í lok ráðstefnunnar var Haag-áætlunin um frið og réttlæti á 21. öld kynnt þáverandi aðalritara Sameinuðu þjóðanna, Kofi Annan. Hún er nú opinbert skjal Sameinuðu þjóðanna, alþjóðaáætlun í fimmtíu liðum um aðgerðir stjórnvalda og borgaralegra samtaka.

Er hægt að tala um frið án þess að nefna ofbeldi?

Margar skilgreiningar eru á ofbeldi, ein þeirra er að ofbeldi sé það að beita styrk – sýnilegum eða ósýnilegum – í því skyni að ná af einstaklingi eða hópi einhverju sem hann vill ekki afsala sér af fúsum og frjálsum vilja.

Ofbeldi getur verið af ólíkum toga. Við getum greint milli beins og óbeins (eða kerfisbundins) ofbeldis:

- *Beint ofbeldi* = líkamlegt ofbeldi
- *Óbeint eða kerfisbundið ofbeldi* = fátækt, arðrán, félagslegt misrétti, alræði o.s.frv.

Því má segja að friður ríki þegar hvorki er beitt beinu eða óbeinu ofbeldi.

Hverjar eru afleiðingar ofbeldis?

Þar sem ófriður ríkir þurfa þeir sem í hlut eiga að þola að brotið sé á efnahagslegum og félagslegum réttindum þeirra (efnahagur landsins í molum, svartamarkaður, störf tapast, hús eyðileggjast o.s.frv.) og einnig borgaralegum og stjórnmálalegum réttindum þeirra (réttinum til lífs er ógnað, svo og réttinum til að þurfa ekki að sæta pyndingum eða réttinum til líkamlegrar friðhelgi o.s.frv.). Stríðsátök hafa í för með sér hrikaleg mannréttindabrot, hvort sem til langs eða skamms tíma er litið, og þau skilja eftir sig djúp ör í samfélaginu.

Lykildagsetning

Þriðji þriðjudagur í september ár hvert er Alþjóðadagur friðar

Tölurnar og upplýsingarnar sem hér fara á eftir sýna hvað ofbeldi kostar í mannlífum og fjármunum.

Beint ofbeldi:

1. Í Bosníu og Hersegóvínu eru 17.000 manns enn á skrá yfir horfna.
2. 800.000 manns létu lífið á þremur mánuðum í stríðinu í Rúanda árið 1994.
3. Alls 8.538.315 manns létu lífið í fyrri heimsstyrjöldinni.
4. Á tíunda áratugnum voru fimm milljónir manna drepnar í borgarastyrjöldum um heim allan.
5. 500 milljónir léttvopna eru í umferð í heiminum.
6. Á tíunda áratugnum neyddu stríð og innanríkisófriður 50 milljónir manna til að flýja heimili sín.
7. 800 dauðsföll má rekja til jarðsprengna í hverjum mánuði.
8. Árið 1995 voru 53 milljónir manna – einn af hverjum 115 mönnum á jörðinni – hraktar að heiman og á vegang í sínu eigin landi eða urðu flóttamenn í öðrum löndum.

Óbeint ofbeldi:

1. Um 17 milljónir manna deyja árlega vegna skorts á lyfjum.
2. Um 24.000 manns deyja af völdum hungurs á hverjum degi. Þetta er um það bil einn maður á þriggja og hálfur sekúndu fresti.
3. Meira en 30.000 börn deyja daglega, aðallega af völdum sjúkdóma sem hægt er að fyrirbyggja.

Ofbeldi skilur ekki eingöngu eftir sig líkamleg ör heldur einnig andleg á öllum þeim sem hafa tekið beinan eða óbeinan þátt í átökum eins og stríði eða ofbeldi milli manna, svo sem heimilisofbeldi. Þessi ör geta valdið langvarandi skaða sem fólk ber ekki utan á sér. Ómögulegt er að meta slíkt í fjármunum en mannlegi fórnarkostnaðurinn er mikill.

? Finnst þér að það eigi að vera til reglur sem takmarka ofbeldi í sjónvarpsþáttum?

Alþjóðaherferð gegn jarðsprengjum fékk ásamt öðrum friðarverðlaun Nóbels árið 1997. www.icbl.org

Helstu útgjaldaliðir á fjárlögum (sem hlutfall af þjóðarframleiðslu)⁴⁰

Land	Opinber útgjöld til menntamála 1995–1997	Opinber útgjöld til heilbrigðismála 1998	Hernaðarútgjöld 1999
Angóla	6,2 (1985-1987)	5,8	23,5
Kostaríka	5,4	5,2	...
Eritrea	1,8	...	22,9
Eþíópía	4,0	1,7	9,0
Noregur	7,7	7,4	2,2
Rússneska sambandsríkið	3,5	2,5 (1990)	3,8
Sádi-Arabía	7,5	12,8	13,2
Týrkland	2,2	2,2 (1990)	5,0
Úkraína	5,6	3,6	3,1
Bretland	5,3	5,9	2,5

Ríki sem vörðu mestu fé til hernaðarmála árið 2000⁴¹ (í milljörðum Bandaríkjadala)

Röðin 2000 (1999)	Land	2000	Hlutfall af hernaðarútgjöldum heims (%)
1 (1)	Bandaríkin	280,6	37
2 (7)	Rússland	43,9	6
3 (3)	Frakkland	40,4	5
4 (2)	Japan	37,8	5
5 (5)	Bretland	36,3	5
6 (4)	Þýskaland	33	4


Útgjöld til hernaðarmála í heiminum samanborið við önnur útgjöld⁴²

Öll taflan = Árleg heildarútgjöld til hernaðarmála
Útgjöld árið 2001 (756 milljarðar bandaríkjadala)

□ = 1 milljarður bandaríkjadala

Upphæð sem þarf til að...

- A) HAFNA HEMIL Á FÓLKSFJÖLGUN
10,5 milljarðar bandaríkjadala
- B) STÖÐVA EYÐINGU SKÓGA
7 milljarðar bandaríkjadala
- C) STÖÐVA HLÝNUN JARÐAR
8 milljarðar bandaríkjadala
- D) KOMA Í VEG FYRIR SÚRT REGN
8 milljarðar bandaríkjadala
- E) SJÁ FYRIR HEILBRIGÐISÞJÓNUSTU
15 milljarðar bandaríkjadala
- F) EYÐA HUNGRI OG VANNÆRINGU
19 milljarðar bandaríkjadala
- G) STÖÐVA EYÐINGU ÓSONLAGSINS
5 milljarðar bandaríkjadala
- H) HINDRA JARÐVEGSEYÐINGU
24 milljarðar bandaríkjadala
- I) SJÁ FYRIR HREINNI ORKU
Endurnýjanleg orka: 17 milljarðar bandaríkjadala
Orkusparnaður: 33 milljarðar bandaríkjadala
- J) ÚTRÝMA ÓLÆSI
5 milljarðar bandaríkjadala
- K) GREIÐA SKULDIR ÞRÓUNARLANDANNA
30 milljarðar bandaríkjadala
- L) VEITA HÚSASKJÓL
21 milljarður bandaríkjadala
- M) SJÁ FYRIR HREINU VATNI
58 milljarðar bandaríkjadala



Lykildagsetning

25. nóvember

Alþjóðadagur gegn ofbeldi á konum

Er ofbeldi eðlilegt?

Margir trúa því að menn séu í eðli sínu ofbeldisfullir og af því leiði að við getum ekki forðast stríð, átök og annað ofbeldi í lífi okkar og samfélögum. Aðrir sérfræðingar á þessu sviði halda því fram að við getum forðast ofbeldisfullar hugsanir, tilfinningar og athafnir. Sevilla-yfirlýsingin um ofbeldi sem tekin var saman árið 1986 af hópi vísinda- og fræðimanna frá ýmsum löndum, úr norðri og suðri, austri og vestri, staðfestir þetta með því að segja:

1. „Það er vísindalega rangt að halda því fram að við höfum erfitt stríðshneigðina frá forfeðrum okkar í dýraríkinu ... Hernaður er fyrirbæri sem einskorðast við menn og fyrirfinnst ekki hjá öðrum dýrum ...
2. Til eru menningarhópar sem hafa ekki átt í stríði öldum saman og svo eru aðrir sem hafa oft háð stríð á tilteknum tímabilum en ekki öðrum...
3. Það er vísindalega rangt að halda því fram að stríð eða önnur ofbeldisfull hegðun sé erfðafræðilega forrituð í mannlegt eðli okkar ...
4. Það er vísindalega rangt að halda því fram að menn séu með „ofbeldisfullan heila“ ... hegðun okkar er mótuð af því hvernig við höfum verið skilyrt og félagslega mótuð ...“.

Flest erum við sprottin úr umhverfi sem hefur vanið okkur á harkaleg viðbrögð og ofbeldi. Við lærum að hugsa, finna til og bregðast við með hörku og í sumum tilvikum með ofbeldi. Hvar sem við eigum heima erum við háð félagslegum og menningarlegum þrýstingi sem krefst þess að við lesum um ofbeldi, horfum á ofbeldi og heyrum um ofbeldi, nær látlaust. Sjóvarpsþættir, auglýsingar, dagblöð, tölvuleikir og kvikmynda- og tónlistarframleiðendur eiga hér stóran hlut að máli. Áður en barn kemst á unglingsár hefur það séð þúsundir morða og ofbeldisverka með því einu að horfa á sjónvarp. Nútímaþjóðfélög verja ofbeldi, hvort sem þau gera það meðvitað eða ekki. Litið er á ofbeldi sem jákvætt fyrirbæri. Í flestum menningarheimum er það talið merki um veikleika að hafna ofbeldi og forðast líkamlegt ofbeldi eða átök, sérstaklega hjá karlmonnum, sem verða strax frá unga aldri fyrir miklum þrýstingi frá félögum sínum.

? Ertu sammála þeirri fullyrðingu að ofbeldi sé aldrei réttlætandi, jafnvel gagnvart mjög ofbeldishneigðu fólki?

Einelti er ofbeldi sem ungt fólk er gjarnt á að beita til að sýna styrk sinn og skaða aðra um leið. Í könnun sem var gerð árið 2001 meðal nemenda í efstu bekkjum grunnskóla á Spáni sagðist nær helmingur þekka dæmi um það að nemendur væru lagðir í einelti af öðrum nemendum.

Auk eineltis er til ýmiss konar annað ofbeldi sem menn beita hver annan: ofbeldi sem tengist áfengi og eiturlyfjum, ofbeldi glæpagengja, nauðungarvændi, þrælshald, ofbeldi í skólum og ofbeldi sem tengist kynþáttafordómum eru dæmi um ofbeldi milli manna sem getur haft áhrif á líf okkar og líf margra annarra. Sumar þessar tegundir ofbeldis snerta ungt fólk frekar en aðra – til dæmis ofbeldi afbrotagengja, ofbeldi í skólum og ofbeldi tengt kynþáttafordómum.

? Ertu sammála því að „sannur karlmaður“ eigi ekki að hræðast ofbeldi?

Kynferðisleg misnotkun og kynferðislegt ofbeldi gagnvart börnum og konum (eða jafnvel körlum) er útbreitt fyrirbæri í nútímasamfélagi. Flest tilvikin eiga sér stað á heimilum og afviknum stöðum en ekki á götum úti, gagnstætt því sem margir halda. Fórnarlömbin þekka oft gerendurna og þeir misnota það traust og trú sem þeir njóta til að drýgja glæpi sína. Flest fórnarlömbin tilkynna ekki um glæpin eða bíða mörg ár með að gera það. Margar ástæður eru fyrir þessu, þær eru yfirleitt flóknaðar og tengjast aðstæðum, því hver ofbeldismaðurinn er,

„Rétt eins og „stríð hefst í höfði manna“ hefst friðurinn einnig í sál okkar. Sú sama dýrategund og fann upp stríð getur líka fundið upp frið. Ábyrgðin er okkar allra.“

Sevilla-yfirlýsingin um ofbeldi

eðli misnotkunarinnar (tíðni hennar og hversu lengi hún varir), persónuleika fórnarlambins o.s.frv. Stundum er fórnarlambið svo ungt að það skilur ekki hvað er á seyði fyrir en löngu seinna og/eða þarf aðstoð og veit ekki um neinn sem hægt er að treysta; og/eða segir söguna einhverjum sem neitar að trúá, en það er einkum algengt þegar um börn er að ræða; og/eða það skammast sín of mikið, finnur til sektar og finnst það vera svikið; og/eða er hótáð og stýrt af ofbeldismanninum. Í meirihluta tilvika er ofbeldismaðurinn innan fjölskyldunnar.

Heimildir

- Yfirlýsing um rétt þjóða til friðar, A/RES/39/11, *Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna*, 12. nóvember 1984.
- Þróunarskýrsla 2000, *Þróunaráætlun Sameinuðu þjóðanna*, Oxford University Press, USA, 2000.
- Skýrsla ársins 2000, *Amnesty International*, Amnesty International Publications, UK, 2000.
- The Seville Statement on Violence, www.unesco.org/human_rights/hrfv.htm, Spáni, 1986.
- Tyler, J., Berry A. (Comp.), Time to abolish war, a youth agenda for peace and justice, *Hague Appeal for Peace*, European Youth Foundation, 2001.
- Mannréttindastofnun Sameinuðu þjóðanna, Ályktun um rétt þjóða til friðar, E/CN.4/RES/2001/69, 25. apríl 2001.
- Fisas, V., Introducción al estudio de la paz y del conflicto, *Lerna*, Barselóna, 1987.
- Voices of youth explore children and war, www.unicef.org/voy/meeting/war/war-exp2.html, Unicef.
- World Report 2001, *Human Rights Watch*, Bandaríkjunum, 2000.